

áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 24. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Vitagjald kr. 80,00 af hverri brúttórúmllest skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærra og taka höfn hér á landi og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 12,00.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leitar hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum af veikindum eða farmskekku eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða 1/5 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en fimm sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 615 27. desember 1989.

Samgönguráðuneytið, 24. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ólafur S. Valdimarsson.